

Siglingaráð

33. fundur

Dags.: 3. júní 2022, kl. 11:00 til 12:30 í innviðaráðuneytinu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (innviðaráðuneyti), Rebekka Hilmarsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar), Arthur Bogason (Landssamband smábátæigenda), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmþæknimanna), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 32. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
3. Umsóknir um styrki til hugvitsmanna (sendar í tölvupósti).
4. Niðurstaða vinnuhóps um mat á umsóknum á styrkjum til hugvitsmanna (send í tölvup.).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ/ÁP bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

- 1) **Fundargerð 32. fundar samþykkt.**
- 2) **Umsóknir um styrki 2022.** Vinnuhópurinn ÞÞ, RH og GHB upplýstu um ferlið í matinu og niðurstöðuna sem þau komust að. Fimm umsóknir bárust en einni var hafnað þar sem hún uppfyllti ekki formskilyrði umsókna. Umsókn „Strandvari“ hefur þegar verið styrkt til margra ára. Þá var umsókn um öryggisstjórnunarkerfið Öldu og tvær umsóknir frá Fisktækniskólanum. Lagt var til að skipta upphæðinni sem er til ráðstöfunar alls 2,5 m.kr þannig að Alda öryggisstjórnunarkerfi fyrir fiskiskip fái 1.250.000 kr og tvö verkefni Fisktækniskólans fái hvort um sig 625.000 kr, en bæði snúast um þjálfun í sýndarveruleika fyrir annarvegjar „Öryggisþjálfun nýliða um borð í fiskiskipum“ og hinsvegjar „Öryggi sjófarenda um hafnir landsins“. Í umræðu um málið þóttu verkefni þrjú áhugaverð og einnig verkefnið Strandvari sem enn vantar á lokahnykk. HÁ lagði til að Strandvari fengi 500 þús.kr sem lokastyrk en Alda og Fisktækniskólinn 1 mkr hvort. Umræða varð um að leita leiða til að hækka styrkuppþæðar einkum þegar um mörg áhugaverð verkefni er að ræða og lítið til skiptanna. Ákveðið að ráðsmenn skoði fyrirliggjandi umsóknir og sendi ÁP tillögur að úthlutun eða samþykki álit nefndar.
- 3) **Öryggisáætlun sjófarenda, stefna fyrir 2023 til 2037.** ÁP kynnti vinnuskjal með drögum að áætluninni og verður það opið ráðsmönnum til athugasemda eða tillagna með tp eða á Teams. Í þessari áætlun verður 0 slysa sýn viðhöfð og markmið sett í tilgreindum málaflokkum. Fram kom í umræðu að erfitt sé að ná ýmsum markmiðum þegar menn fara ekki eftir gildandi reglum og eftirlitsaðilar geta ekki beitt viðurlögum þegar þess þarf tam við ítrekuð brot. Efla þarf eftirlitskerfið, bæta viðurlög við brotum og eftirfylgni með að úrbætur séu gerðar. Fræðsla, þjálfun og miðlun upplýsinga er áfram mikilvægur þáttur í forvarnastarfinu. Öflugir björgunar- og viðbragðsaðilar skipta máli til að lágmarka skaða þegar slys verða. Ætlunin er að ljúka gerð stefnunnar fyrir lok sumars en stefna til 15 ára með tillögum að aðgerðum til 5 ára verður kynnt ásamt samgönguáætlun í haust. Verkefnið er á forræði innviðaráðuneytis og Samgöngustofu.
- 4) **Önnur mál.**
 - a) Áhafnarlögin. ÞÆP benti á að meðal áherslna í öryggisáætluninni væri góð menntun og þjálfun sjómanna en samt sem áður væri verið að gjaldfella menntun sjómanna í nýjum áhafnarlögunum þar sem háseti með ákveðinn siglingatíma megi gegna stöðu stýrimanns án

tilskilinna réttinda. Þá séu ekki gerðar kröfur um vélstjórnarréttindi í smáskipum ef í gildi er þjónustusamningur við verkstæði í landi. Slysarannsóknir sýni að þreyta og vinnuálag er orsök fjölda stranda og slysa en þrátt fyrir það á að auka á vandann með því að heimila allt að 19 tíma útvistartíma smáskipa með skerta mönnun. Útvistartími smáskipa ætti að hámarki að vera 14 klukkustundir og almennt verður að virða hvíldarákvæði alþjóðareglna. PÆP lagði áherslu á að hér væru tekin upp mönnunarskírteini í skipum lengri en 24 metrar sambærilegt og gert er í Noregi og Færeyjum.

ÁLÁ sagði það til bóta að þak sé sett á hámarksútvistartíma smáskipa með skerta mönnun en fram til þessa hefur það ekki verið til staðar nema í strandveiðunum. GHB sagði að mönnunarskírteini tækju eingöngu á lágmarks mönnun við siglingu skips en ekki þeirri starfsemi sem fram fer um borð í skipunum. Mönnun fiskiskipa ræðst að mestu í kjarasamningum sjómanna og útgerða. Þá var rætt var um rétt skipseiganda sem hafa ótakmarkaðan útitíma án tillits til eignarhluts.

- b) Fræðsluefni. ÁLÁ upplýsti um gang mála varðandi gerð myndbanda og kennsluefnis í björgun með þyrlu. Eftir er að gera nýja teikningu fyrir þetta til að setja m.a. í sjómannaalmanakið. Óskaði hann eftir 500 þús.kr styrk til að ljúka verkefninu. Var styrkurinn samþykktur og verður formleg afgreiðsla hjá SGS.
- c) Kynning á LHG. ÁLÁ lagði til að ráðið kynnti sér framkvæmd björgunarstarfa hjá LHG og var það samþykkt.
- d) Haf- og strandsvæðaskipulag. Áþ minnti á vinnuna að skipulagi fyrir Austfirði og Vestfirði og þá hagsmuni sem sjómenn og útgerðir skipa hafa en tillagan verður í kynningu fram á haust. RH lagði til að ráðið fengi sérstaka kynningu á verkefninu.
- e) Tillaga siglingaráðs. Ákveðið að fagráð siglinga leggi til við stjórnvöld að fjármagn til áætlunar í öryggismálum sjófarenda verði hækkað en það hefur verið óbreytt um langan tíma einnig hefur hluti upphæðarinnar verið eyrnamerkur skráningakerfinu Atvik eða 3 mkr á ári.

Næsti fundur verður haldinn í Ólafsvík 1. september og verður boðaður í tölvupósti. Ráðsmenn beðnir að taka allan daginn frá.

IV og Áþ rituðu fundargerð.